



Tillaga miðstjórnar fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins 2022 vegna ákvæða laga nr. 162/2006 um samþykktir skráðra stjórnmalasamtaka

Vegna tilkynningar um breytingu á rekstarformi Sjálfstæðisflokksins yfir í stjórnmalasamtök skv. lögum nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka hefur komið í ljós að samþykktir Sjálfstæðisflokksins (skipulagsreglur) uppfylla ekki öll skilyrði 2. gr. (h) um hvaða atriði kveða þarf á um í samþykktum skráðra stjórnmalasamtaka.

Til að samþykktir flokksins uppfylli skilyrði laganna þarf að bæta við upplýsingum um **(i)** heimilisfang og aðalstarfsstöð, **(ii)** hverjir riti firma flokksins, **(iii)** kjörtímabil endurskoðenda og/eða endurskoðunarfyritækja, **(iv)** slit flokksins og **(v)** hvernig fara eigi með eignir flokksins sé hann lagður niður eða honum slitið.

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins ákvað á fundi sínum hinn 28. september síðastliðinn að gera tillögu um það fyrir landsfundi að skipulagsreglur flokksins taki neðangreindum breytingum svo samþykktir flokksins uppfylli þau skilyrði sem þarf til þess að unnt sé að skrá Sjálfstæðisflokkinn í stjórnmalasamtakaskrá ríkisskattstjóra.

(i) Heimilisfang og aðalstarfsstöð

Í 43. gr. skipulagsreglna flokksins er fjallað um starfsstöðvar. Lagt er til að sú grein taki neðangreindum breytingum.

Þjónustumiðstöð-Höfuðstöðvar og skrifstofa Sjálfstæðisflokksins skal vera er í Reykjavík, Valhöll, Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík. Miðstjórn ræður framkvæmdastjóra flokksins svo og forstöðumenn starfsstöðva að fengnum tillögum stjórnna viðkomandi kjördæmisráða. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á aðalskrifstofu flokksins.

(ii) Hverjir riti firma flokksins

Í 43. gr. skipulagsreglna flokksins er fjallað um hlutverk framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins. Framkvæmdastjóri flokksins ritar firma flokksins og er því lagt til að greinin taki neðangreindum breytingum.

Þjónustumiðstöð Sjálfstæðisflokksins skal vera í Reykjavík. Miðstjórn ræður framkvæmdastjóra flokksins svo og forstöðumenn starfsstöðva að fengnum tillögum stjórnna viðkomandi kjördæmisráða. Framkvæmdastjóri ritar firma flokksins og ræður starfsfólk á aðalskrifstofu flokksins.

(iii) Kjörtímabil endurskoðenda og endurskoðunarfyritækja

Í þriðja kafla skipulagsreglna flokksins er fjallað um flokksstarfið. Þar er að finna ákvæði um framkvæmdastjórn flokksins. Lagt er til að undir millifyrirsögninni “framkvæmdastjórn” bætist við ný grein, svohljóðandi.

Framkvæmdastjórn flokksins velur endurskoðanda og/eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn.

(iv) Slit flokksins

Í sjötta kafla skipulagsreglna flokksins er fjallað um lagabreytingar. Lagt er til að undir þeim kafla bætist við ný grein, svohljóðandi.

Ákvörðun um að leggja Sjálfstæðisflokkinn niður skal tekin af tveimur landsfundum. Um ráðstöfun eigna fer samkvæmt samþykkt landsfundar.

(v) Hvernig fara eigi með eignir flokksins sé hann lagður niður eða honum slitið

Í sjötta kafla skipulagsreglna flokksins er fjallað um lagabreytingar. Í tillögu hér að framan er gert ráð fyrir því að ákvæði um slit flokksins falli undir þann kafla. Eðlilegt verðu að telja að ákvæði um ráðstöfun eigna við slit hangi saman við ákvæði um hvernig haga beri ákvörðun um slit. Vísast til tillögu (iv) hér að framan hvað varðar orðalag ákvæðis um ráðstöfun eigna.